

Strandabyggð

Stefnumótun

2016-2021

Thorp ehf - Þorgeir Pálsson
ágúst 2017

1. BAKGRUNNUR	3
2. STRANDABYGGÐ – NÚVERANDI STAÐA	5
3. GAGNAÖFLUN	7
3.1 FRAMKVÆMD SKOÐANAKÖNNUNAR	7
3.2 HELSTU NIÐURSTÖÐUR SKOÐANAKÖNNUNAR MEÐAL ÍBÚA	7
3.2.1 KYN	8
3.2.2 ALDUR	8
3.2.3 HVAÐA ÁHERSLUR VILT ÞÚ SJÁ Í KOMANDI STEFNUMÓTUNARVINNU?	8
3.2.4 ATVINNUMÁL.	9
3.2.5 UMHVERFISMÁL.	9
3.2.6 INNRI STJÓRNSÝSLA	10
3.2.7 MENNTAMÁL:	12
3.2.8 SKIPULAGSMÁL:	12
3.2.9 HVAÐ TELUR ÞÚ AÐ VANTI HELST Í SVEITARFÉLAGIÐ?	13
3.2.10 ÖNNUR SKILABOÐ TIL SVEITARSTJÓRNAR?	13
3.3 SAMANTEKT – MEGIN NIÐURSTÖÐUR SKOÐANAKÖNNUNAR	15
3.4 INNRI SKIPULAGSMÁL	16
3.4.1 SKIPURIT STRANDABYGGÐAR	16
3.4.2 ÁBYRGÐ OG VERKSVIÐ	17
3.4.3 ERU FYRIRMÆLI SKÝR?	17
3.4.4 UPPLÝSINGAMIÐLUN INNAN SVEITARFÉLAGSINS	17
3.4.5 ÞÁTTTAKA Í FJÁRHAGSÁÆTLANAGERÐ	18
3.4.6 TENGSL VIÐ SVEITARSTJÓRA OG SVEITARSTJÓRN	18
3.4.7 HVERJU MÁ BREYTA?	19
3.4.8 ANNAÐ?	20
3.4.9 SAMANTEKT VIÐTALA VIÐ FORSTÖÐUMENN	20
3.5 ÍBÚAFUNDUR	20
3.6 GRUNNSKÓLANEMAR	22
3.7 SAMANTEKT GAGNAÖFLUNAR	23
4. MARKMIÐ OG MARKMIÐASETNING	24
5. LYKILÞÆTTIR ÁRANGURS	26
6. VERKEFNI OG VERKEFNAÁÆTLANIR	27
7. FRAMTÍARSÝN	30
7.1 FRAMTÍDARSÝN 2021	31
7.2 AÐGERÐIR OG VERKEFNI FRAM TIL 2021	32
8. SAMANTEKT, LOKAORÐ	35
8.1 NÆSTU SKREF	35

1. Bakgrunnur

Sveitarstjórn Strandabyggðar ákvað sumarið 2015, að taka boði Thorp ehf um tveggja daga stefnumótunarvinnu, sveitarfélaginu að kostnaðarlausu. Voru haldnir tveir vinnufundir dagana 20.-21. maí, hálfur dagur í senn. Þátttakendur voru aðal- og varasveitarstjórnarfulltrúar. Tilgangur þessa vinnufundar var:

1. Skapa samstöðu um framtíðarsýn, markmið og aðgerðir
2. Rýna í núverandi stöðu; finna úrbótaverkefni
3. Meta styrkleika, veikleika og koma auga á ógnanir og tækifæri til að efla sveitarfélagið
4. Horfa til framtíðar. Hvernig verður Strandabyggð á næstu árum?

Fundurinn var upphafið að lengra ferli, sem myndi ná til starfsmanna og íbúa Strandabyggðar með tíð og tíma.

Þessir tveir vinnufundir skiluðu miklu og góðu efni til frekari úrvinnslu. Thorp ehf skilaði sinni samantekt sem sveitarstjórn vann síðan með í framhaldinu. Helstu niðurstöður þessara vinnufunda voru að mikilvægast væri að skoða innri mál sveitarfélagsins sem og atvinnumál og atvinnuuppbyggingu. Þessi tvö svið væru þau svið, þar sem hvað mest reyndi á, þó svo hafa þyrfti heildarmyndina ávallt í huga. Með heildarmynd er átt við að: skoða stoðkerfið, stofnanir sveitarfélagsins, menntamál, umhverfismál og almennt félags- og menningarlegt umhverfi.

Í ársbyrjun 2016 óskaði sveitarstjórn eftir því við Thorp ehf um að haldið yrði áfram með verkefnið og unnin stefnumótun fram til ársins 2021. Í því verkefni yrði sérstaklega byggt á niðurstöðum vinnunnar 2015, en einnig leitað gagna og álita frá íbúum, úr skýrslum og hagtölum og eins yrði Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða fengið til að vinna haglýsingu á svæðinu, m.t.t. íbúapróunar, atvinnulífs og framtíðarþróunar. Vinna hófst í ársbyrjun 2016 og eru helstu vörður stefnumótunarvinnunnar því þessar:

1. Vinnufundur með sveitarstjórn í maí 2015
2. Gagnaöflun hófst í ársbyrjun 2016
3. Skoðanakönnun send á íbúa Strandabyggðar í janúar 2016
4. Viðtöl við forstöðumenn tekin í febrúar og mars 2016
5. Spjallfundur með nemendum í Grunnskóla Hólmavíkur í apríl 2016
6. Íbúafundur í byrjun apríl
7. Kynning á niðurstöðum skoðanakönnunar fyrir sveitarstjórn í maí 2016
8. Kynning á niðurstöðum viðtala fyrir forstöðumönnum í maí 2016
9. Úrvinnsla og skýrsluskrif í júní
10. Fyrstu drög í júlí/ágúst
11. Kynning og innleiðing á haustmánuðum.

Umfang þessarar vinnu er nú orðið talsvert. Áhersla er lögð á að draga fram styrkleika og tækifæri til úrbóta, fremur en að undirstrika vandamálin og ógnanirnar sem Strandabyggð stendur samt vissulega frammi fyrir. Jákvæðni er höfð að leiðarljósi, enda verða flest öll mannana verk auðveldari með jákvæðu hugarfari.

Einnig er lögð sérstök áhersla á að draga fram þau verkefni sem nú þegar eru komin fram og einnig hin sem myndast í kjölfar þessarar vinnu. Sumum þeirra hefur þegar verið hrint í framkvæmd, þegar þessi skýrsla er rituð.

Stefnumótun er ferli sem ætti að vera í sífelldri þróun og vinnslu innan sveitarfélaga jafnt sem fyrirtækja og stofnanna. Sú stefna sem hér verður lögð fram, er því ekki endanleg né eilíf. Hún mun taka breytingum í takt við þróun umhverfisins á hverjum tíma. Hún mun breytast og vera lifandi plagg í þeim skilningi. En, hún er engu að síður heildarrámi og leiðarljós sem stuðst verður við næstu fimm árin.

Á íbúafundinum og í kjölfar hans komu fram skýrar óskir þeirra íbúa sem tóku þátt, hvað forgangsröðun verkefna varðar. Á sama tíma styðst sveitarstjórn við sína forgangsröðun sem byggir á; fjárhag, mannafla og mótuðum aðgerðum í fjárhagsáætlun hvers tíma. Þetta þarf því að tvíanna saman og það mun leiða til þess að sumt af því sem íbúar kalla eftir nú, kemst ekki til framkvæmda strax, heldur eftir einhvern tíma. Þessari staðreynd verður að sýna skilning.

Allar ábendingar og hugleiðingar íbúa hafa hins vegar fengið skoðun og umræðu og má reikna með að margt af því sem þar kemur fram, líti dagsins ljós með tíð og tíma. Sumt strax, annað síðar. Þannig er og verður samspil þess fjárhagsramma sem sveitarfélagið styðst við og gengur eftir og óska og væntinga íbúa. Allt snýst þetta um að sníða sér stakk eftir vexti, en um leið að ákveða hvernig stakk maður vill klæðast, svo margnotað líkingamál sé nú notað enn einu sinni.

Sveitarstjórn Strandabyggðar þakkar öllum þeim íbúum, forstöðumönnum, nemendum, starfsmönnum og öðrum sem lögðu sitt að mörkum til að gera þessa vinnu raunsæja og markvissa.



2. Strandabyggð – núverandi staða

Eftirfarandi upplýsingar koma frá samantekt Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða:


“Stöðugreining Strandabyggð - Nokkrar lykilbreytur um íbúapróun og atvinnu í Strandabyggð.

Íbúar

Íbúar í Strandabyggð eru nálægt 7% af íbúafjölda Vestfjarða. Strandabyggð er fimmtugasta stærsta sveitarfélag landsins með 473 íbúa 1. janúar 2015.

Árið 2015 var kynjahlutfall í Strandabyggð nokkuð jafnt. Fjölmennasta aldursbilið er 51-60 ára af báðum kynjum. Á svæðum þar sem fjölgun íbúa er nokkuð jöfn og 2 börn fæðast á hverja konu má búast við að myndin líti út eins og jólatré með aðeins lengri greinar neðst á stofninum en að þær styttest eftir því sem ofar dregur.

Áberandi er hve aldurshóparnir 25-45 ára eru fámennir í Strandabyggð. Þetta er oft fólk með stálpuð börn sem getur hafa fylgt ungviðinu til náms í framhaldsskólum. En um leið eru þetta einnig þeir aldurshópar sem að jafnaði vinna hvað mest á Íslandi. Þeir mynda hin breiðu bök sem eru mikilvæg fyrir fjárhag (lítilla) samfélaga. Ungmennni á aldursbilinu 0-20 ára ná þó 25% íbúa í Strandabyggð.



Mynd 2 Þróun íbúafjölda á svæði Strandahrepps á árunum 2000-2015. Á kvarðnum til hægri má lesa heildarfjölda en súlurnar sýna fjölda af hvoru kyni á viðkomandi ári og vísa til kvarðans til vinstri.

Fyrirtækin í Strandabyggð

Í Strandabyggð eru 56 lögaðilar. Í þessari tölu eru ekki að finna einstaklinga sem eru með rekstur á eigin kennitölu (verktakar). Hafa ber í huga að búskapur er oft með þeim hætti að skattframtölum er skilað á kennitölu einstaklinga. Þar sem greiningar Atvest byggja að mestu leyti á skattframtalsgögnum þá er þessi fjöldi lögaðila vantallinn sem nemur fyrrgreindum aðilum.

Fjölmenntasti atvinnugreinaflokkurinn tengist sjávarútvegi beint og er skráður sem slíkur. Það eru 17 aðilar í útgerð, eitt vinnslufyrirtæki og einn fiskmarkaður. 30% fyrirtækjanna eru því beint í sjávarútvegi. Það má ekki útiloka þann möguleika að fleiri fyrirtæki stundi sjávarútveg en eru með kennitölur sem eru skráðar í annarri atvinnustarfsemi.

Á eftir því eru 8 aðilar í atvinnugreinaflokkum sem teljast að mestu leyti sem ferðaþjónusta (gistiheimili, veitingastaðir, ferðaskipuleggjendur og söfn).

Elsta kennitala sem er í gagnagrunnum þeim sem Atvest hefur aðgang að er kennitala Kaupfélags Steingrímsfjarðar.

Umfang atvinnulífs á Ströndum og Reykhólum

Strandabyggð er hluti af atvinnusvæðinu „Strandir og Reykhólar“ sem ná yfir sveitarfélögin Reykhólahrepp, Kaldrananeshrepp, Drangnes og Strandabyggð. Svæðið er sem sé tekið þannig fyrir sem heild í hagtölum. Erfitt getur verið að ná í gögn sem lýsa sérstaklega hverju sveitarfélagi því hvert um sig er smátt á landsvísi. Jafnframt má ekki birta gögn um atvinnugreinaflokka á svæði þar sem fyrirtæki í flokknum eru færri en 7. Þetta er samkvæmt kröfu Ríkisskattstjóra til að fela betur rekjanleika til sérhvers atvinnurekanda. Þess vegna eru hér reyndar ýmsar leiðir til að varpa ljósi sérstaklega á Strandabyggð.

Á atvinnusvæðinu Strandir og Reykhólar skiluðu 132 lögaðilar framtölum á árinu 2014. Fjöldinn hefur aukist frá árinu 2008 en þá voru 111 lögaðilar sem skiluðum framtölum. Þessi fjölgun getur verið til marks um aukna athafnasemi á svæðinu samanlagt. Einnig má vera að fólk velji nú orðið að vera verktakar hjá fyrirtækjum frekar en launþegar og flokkast þá einstaklingar sem lögaðilar. Flest fyrirtæki á þessu sameinaða svæði eru í útgerð (40), þar á eftir koma byggingarfyrirtæki (15) og svo fyrirtæki í landbúnaði og fasteignaviðskiptum. Gistiheimili og veitingastaðir eru 9 í hvorum flokki.

Áætlað er að virkur vinnumarkaður í Strandabyggð sé um 280 einstaklingar. Að teknu tilliti til annarra sveitarfélaga á svæðinu „Ströndum og Reykhólum“ og heildarútsvarstekna, má gera ráð fyrir því að 50-55% af launagreiðslum svæðisins sé innan Strandabyggðar. Út frá því má álykta að sambærileg hlutföll eigi við fjöldann í atvinnurekstri og launagreiðendurnar sjálfa.

Sjávarútvegurinn er stærsta atvinnugreinin þegar miðað er við fjölda þeirra útgerðaraðila sem teljast til sveitarfélagsins, auk fiskmarkaðarins og rækjuvinnslu. Hins vegar er sveitarfélagið sjálft stærsti vinnuveitandinn þegar horft er á heildina.”

Skýrslu Atvinnuþróunarfélagsins má fá til skoðunar á skrifstofu Strandabyggðar.

3. Gagnaöflun

Sem fyrr segir, var framkvæmd skoðanakönnun meðal íbúa í ársbyrjun 2016. Hér má sjá helstu niðurstöður hennar, en ljóst er að hér eru aðeins meginlínurnar dregnar fram.

3.1 Framkvæmd skoðanakönnunar


Sendir voru úr spurningalistar til um 175 heimila í Strandabyggð. Svör bárust frá 45, eða um 26% svörun. Fjöldi ábendinga var 461 og þar sem sumar þeirra voru margþættar, er ljóst að endanlegur fjöldi ábendinga frá íbúum var mun meiri. Einnig bárust 20 ábendingar frá grunnskólanemum, eftir sérstakan spjallfund í grunnskólanum. Á íbúafundi var einnig unnin hópavinna sem skilaði 163 athugasemdum og/eða ábendingum. Þær ábendingar voru einnig margþættar, þannig að það er ljóst að íbúar Strandabyggðar lögðu sitt að mörgum á margvíslegum vettvangi.

3.2 Helstu niðurstöður skoðanakönnunar meðal íbúa

Spurningarnar sem lagðar voru fyrir voru eftirfarandi:


1. Kyn
2. Aldur
3. Hvaða áherslur vilt þú sjá í komandi stefnumótunarvinnu? Hér voru eftirtaldir valmöguleikar sem átti að merkja við:
 - a. Atvinnumál
 - b. Umhverfismál
 - c. Innri stjórnsýsla
 - d. Menntamál
 - e. Skipulagsmál
 - f. Annað:
4. Atvinnumál: Hvaða atvinnustarfsemi vilt þú sjá á Hólmavík?
5. Umhverfismál: Hvað telur þú vera brýnasta verkefnið í umhverfismálum?
6. Innri stjórnsýsla: Hvað telur þú að mætti bæta í stjórnsýslu Strandabyggðar (með innri stjórnsýslu er átt við samskipti við skrifstofu Strandabyggðar, þjónustustofnanir og fulltrúa sveitarfélagsins)?
7. Menntamál. Hvaða áherslur vilt þú sjá í menntamálum Strandabyggðar?
8. Skipulagsmál: Hvaða áherslur vilt þú sjá varðandi skipulag Strandabyggðar (með skipulagsmálum er átt við; nýting landsvæðis sveitarfélagsins, uppbygging atvinnu-, íbúða- og þjónustusvæða)?
9. Hvað telur þú að vanti helst í sveitarfélagið?
10. Önnur skilaboð til sveitarstjórnar

Svörin voru eftirfarandi:



Konur voru ívið fleiri en karlar af þeim sem tóku þátt.

3.2.2 Aldur



Það olli nokkrum vonbrigðum að mjög fáir þátttakenda voru meðal ungs fólks. Það er víst áhyggjuefni en um leið verkefni fyrir sveitarfélagið, að vekja áhuga ungs fólks á málefnum sveitarfélagsins. Þó má nefna að beiðni kom frá Grunnskólanum á Hólmarvík um sérstaka kynningu á stefnumótunavinnunni og komu áhugaverðar umræður og ábendingar út úr þeirri kynningu, sem fyrr segir.

Aldurshópurinn frá 25 til 35 er gjarnan sá aldur þegar fólk er t.d. að ljúka námi og vill þá kannski flytja aftur heim. Það er þess vegna mikilvægt að þessi aldurshópur komi að og hafi skoðun á mótun samfélagsins. Aldurshópurinn 31-40 telur 12 einstaklinga sem er þökkalegt, en mikilvægt er að vinna markvisst að því að virkja yngra fólk í málefnum sveitarfélagsins.

3.2.3 Hvaða áherslur vilt þú sjá í komandi stefnumótunavinnu?

Hér var augljóst að þátttakendur vildu sjá atvinnumál og umhverfismál í forgrunni. Eftirfarandi mynd sýnir niðurstöðuna:

Áherslur:	
Atvinnumál	30
Umhverfismál	19
Menntamál	15
Innri stjórnsýsla	13
Skipulagsmál	13
Annað	11
101	

Hvað liðinn „annað“ varðar, kom helst fram eftirfarandi:

- Ferðaþjónusta
- Fullvinnsla á fiski
- Iðnaður
- Afþreying
- Landbúnaður
- Fullvinnsla á matvælum

Annað sem einnig var nefnt er t.d. fjarvinnsla, störf fyrir háskólamenntaða, lítil menningarfyrtæki, rannsókn- og fræðastörf ofl.

3.2.4 Atvinnumál.

Hér gafst þátttakendum færi á að tjá sig frekar um einstaka greinar eða liði. Hér má helst nefna:

- **Ferðaþjónusta**
 - Hótel, afþreyingu
 - Fjölbreytni
- **Fiskvinnslu** – meiri fullvinnslu
- Almenna **matvælavinnslu** – meiri fullvinnslu
- Fiskeldi, laxeldi (pökkun fyrir Nauteyri)
- Störf fyrir ólíka menntun, opinber störf
- Smáiðnað, fjarvinnslu, hugbúnað, tölvuvinnsla (ljósleiðari), rannsóknir, fræðastörf, iðngarða
- Efla tækifæri í dreifbýli.

Það sem hægt er að segja að einkenni niðurstöður þessarar spurningar er áherslan á: verðmætasköpun og fjölbreytni í atvinnulífi. En einnig er skýr vilji meðal fólks að efla dreifbýlið.

3.2.5 Umhverfismál.

Það var nokkuð augljóst hvað brann á íbúum þegar kom að umhverfismálum. Reyndar var kallað eftir almennri vitundarvakningu og skýr ósk kom fram um að fegra þyrfti

bæinn og aðkomuna að honum. En hæst bar Skeiðið. Fólk vill sjá hugarfarsbreytingu þar, tiltekt og fegrun. Megin þræðir í svörunum voru annars:

- **Skeiðið** – aðkoma bæjarins
- Efla sorpflokkun – dreifbýli þarf líka að vera með
- Útivistarsvæði
- Gróðursetja, meiri tré og runna, skógrækt, fegra bæinn
- Aðgerðir gegn lúpínu og plasti
- Gatnagerð (meira malbik), gangstéttir, göngustígar
- Laga (girða af) beitningagámasvæðið
- Vitundarvakning.

Ljóst er að hér er kallað eftir tvenns konar aðgerðum; langtíma aðgerð líkt og tiltekt á Skeiðinu er óhjákvæmileg og svo skammtíma aðgerðir, eins og meiri gróðursetning almenn tiltekt í bænum o.s.frv. Það er hlutverk sveitarstjórnar að flokka og forgangsraða þessum verkefnum í takt við aðrar áherslur, fjárhag og mannafla. Hreinsunarátak var á Hólmavík í júní 2016 og má segja að þar sé þegar byrjað að svara ákalli íbúa.

3.2.6 Innri stjórnsýsla

Hér má segja að mesta gagnrýnin hafi komið fram. Rétt er þó að taka fram og hrósa íbúum fyrir það, að nær öll gagnrýni var sett fram á málefnalegan hátt og uppbyggilegan. Engin rætin gagnrýni eða skítkast kom fram, en vissulega voru einstaka íbúar harðorðir. Slíkt er bara eðlilegt og var eins og við mátti búast.

Í könnuninni var spurt um viðhorf gagnvart innri stjórnsýslu, og er þar átt við; samskipti við skrifstofu, þjónustustofnanir og fulltrúa sveitarfélagsins.

Helstu niðurstöður eru eftirfarandi:

- **Sýnileiki:** Sveitarstjórn og sveitarstjóri mættu vera sýnilegri
- Gagnsæi, íbúalýðveldi: Kallað var eftir m.a. skýrari verklagsreglum og upplýsingum út-á-við um stöðu verkefna
- Upplýsingamiðlun: Heimasíður Strandabyggðar þykja ekki nægilega upplýsandi og er kallað eftir meiri upplýsingagjöf. Fólk vill t.d. sjá skipuritið á heimasíðunni
- Samskipti: Hér var óskað eftir meiri þjónustulund starfsmanna sveitarfélagsins og bættu viðmóti
- Hagsmunatengsl: Ítrekað var að verklagsreglum væri fylgt í hvívetna og komið í veg fyrir hagsmunatengsl og/eða aðkomu sveitarstjórnarmanna að málum þar sem þeir teldust vanhæfir
- Annað: Margt var nefnt, t.d. endurskoðun á starfsmannafjölda, endurskoðun nefndavinnu ofl.

Eitt orð sker í gegn þegar niðurstöður þessarar spurningar eru rýndar; samskipti. Það er ljóst að hér þarf að gera átak, bæði hvað innri og ytri samskipti varðar. Samskipti innan sveitarfélags eiga að lúta sömu lögmálum og önnur samskipti manna í milli. Samskipti snúast alltaf um fólk, um það að miðla og þiggja upplýsingar, fyrirmæli, ábendingar, hrós o.s.frv. Samskipti eiga sér stað víða og því er mikilvægt, ef takast á að laga þennan ágalla í starfsemi sveitarfélagsins, að allir átti sig á því; hvað eru eðlileg samskipti og hvar eiga þau sér stað?

Ráðgjafi lagði sérstaka áherslu á þennan þátt í vinnu með sveitarstjórn og dró upp eftirfarandi lýsingu á því hvar og hvernig samskipti eiga sér stað innan sveitarfélagsins:

- Viðmót. Hvernig við tölum hvort við annað þegar við hittumst, þegar við nýtum þjónustu hvers annars eða einfaldlega þegar við heilsumst.
- Viðvera. Sveitarstjóri var gagnrýnd fyrir skort á viðveru á staðnum. Viðvera er í þessu samhengi kannski hin hliðin á sýnileika-peningnum, þ.e.a.s. að viðkomandi einstaklingur getur verið á staðnum án þess að vera sýnilegur. Slík viðvera er því ekki það sem kallað er eftir, heldur hitt, að vera sýnilegur þegar starfsmaður er á staðnum.
- Sýnileiki. Sveitarstjórn og sveitarstjóri voru hvött til að vera sýnilegri. Hér er átt við; heimsækja fyrirtæki, undirstofnanir, sækja viðburði sem snerta starfsemi sveitarfélagsins o.s.frv. Það er sýnileikinn sem embættismaður sem sóst er eftir, ekki endilega sýnileikinn sem persóna. Við sjáum jú öll hvort annað af og til, í bílum og/eða í kaupfélaginu. Þannig verður það alltaf þar sem við búum saman. En, ákallið snýst um meiri faglegan sýnileika
- Boðmiðlun. Óvissa fylgir oft því að vita ekki. Reyndar er líka sagt; þú getur ekki haft áhyggjur af því sem þú veist ekki um. Þegar rætt er um boðmiðlun er í raun rætt um miðlun upplýsinga. Þær upplýsingar geta síðan verið af ýmsum toga; fræðandi (fréttabréf um stöðu mála eða verkefna í sveitarfélaginu), krefjandi (tíma-/skilafrestur einhvers), eða hreinlega uppbyggjandi (jákvæðar fréttir, fallegar myndir o.s.frv). Strandabyggð getur gert mun betur í að miðla upplýsingum af eigin frumkvæði. Það er ekki nóg né boðlegt í nútíma upplýsingasamfélagi að ætla íbúum að sækja allar upplýsingar. Sumu þarf að miðla
- Kynningarmál. Strandabyggð er vissulega þekkt sem sveitarfélag, en hér má þó gera mun betur í að kynna kosti þess að búa hér, segja frá þeirri þjónustu sem hér er og hvaða tækifæri leynast hér fyrir fólk og fyrirtæki
- Ferlar, innri stjórnsýsla, meðhöndlun mála. Allt snýst þetta um samskipti. Mál koma inn til skoðunar, fara í ferli og einhver bíður síðan eftir svari. Hægt er, með mjög lítilli fyrirhöfn, að gera þetta ferli skilvirkara og liprara með því að efla samskipti og boðmiðlun um stöðu mála, svo dæmi sé tekið.

Allt snýst þetta um þá einu ákvörðun að: sinna samskiptum með jákvæðu og uppbyggilegu hugarfari. Það er ákvörðun sem allir þurfa að taka; sveitarfélagið og

starfsmenn þess sem og íbúar. Samskipti eru aldrei einstefna. Slíkt heitir gjarnan einræða og er ekki uppbyggjandi leið.

3.2.7 Menntamál:

Framhaldsnámið og grundvöllur þess virðist íbúum ofarlega í huga. Mjög margir nefndu það sem mikilvægasta þáttinn þegar kæmi að menntamállum. Aðrar áherslur tengdust meiri fagmennsku í starfi og t.d. mannaráðningum, samþætting, samnýting og aukin samvinna.

Helstu þræðir í svörum voru annars eftirfarandi:

- **Framhaldsnám:** Framhaldsdeildin fái meiri jákvæðari umfjöllun, að hún haldi áfram
- Sameining. Margir vildu sameina leik- og grunnskóla í sama húsnæði
- Samnýting. Samnýtingu á sérmenntuðu fólki, samfelldan skólalag. Fá faglærða kennara. Minnka samkennslu.
- Fagmennska. Hér var áskorun um aukna endurmenntun, aukna áherslu á uppbyggingu tónlistarnáms og nýjar greinar, t.d. forritun
- Annað. Margt var nefnt, en hér má draga fram áherslu á heilsustefnu og næringarfræði, auk meiri íþróttaiðkunar og betri aðbúnað fyrir slíka iðkun.

3.2.8 Skipulagsmál:

Áherslur íbúa hvað skipulagsmál varðar snúast mikið um skólamál og mögulegar sameiningar í því umhverfi. Eins er rætt um skipulagningu og uppbyggingu á útivistarsvæðum og afþreyingu barna. Listinn er annars eftirfarandi:

- Skólamál: Sameina skóla, byggja leikskóla við félagsheimilið
- Atvinnulíf: Fjölbreyttara atvinnulíf, iðngarða
- Samfélag: Það vantar lóðir fyrir íbúðarhúsnæði, sumarhús og atvinnuhúsnæði. Íbúðir fyrir eldri borgara með aðstöðu til tólmstundastarfs.
- Annað: Hér var bent á að byggja upp Kópnesið og að setja af stað heildstætt skipulagsverkefni um ferðamannastaðinn Hólmavík þar sem heildarhugmynd er sett fram og svo unnið að.

Eitt atriði er hér sérlega eftirtektarvert og þarfnast nánari umfjöllunar, en það eru húsnæðismálin.

Öll stefnumótun byggir á því að innviðir og grunngerð sé í lagi og sé móttækileg fyrir þeim breytingum sem ný stefna felur í sér. Ef t.d. markmiðið með stefnumótunarvinnunni er að fjölga íbúum í Strandabyggð og þá sérstaklega á Hólmavík, þá þarf grunngerðin að vera til staðar og mótanleg. Staðreyndin er hins vegar að sú staða er varla uppi í Strandabyggð í dag. Mörg hús hafa fengið nýtt hlutverk sem sumarhús fyrir nýja eigendur, gjarnan utanbæjarfólk og einnig sem gistimöguleiki fyrir ferðamenn. Á meðan svo er, er vandséð hvernig hægt er að mæla með flutningi fólks, sérstaklega barnafólks til Hólmavíkur.

Þessi staða í Strandabyggð er vissulega ekki einsdæmi á landsvísu, heldur er þetta víða mikill og viðvarandi vandi. Sum sveitarfélög hafa brugðist við þessu með því að skilgreina afnot og banna útleigu til skamms tíma. Önnur leið væri að íhuga byggingum nýs húsnæðis. Sveitarstjórn Strandabyggðar þarf að skoða þessa stöðu, sem að mati höfundar er sú alvarlegasta sem Strandabyggð stendur frammi fyrir, hvað varðar möguleika á framtíðar uppbyggingu og fólksfjölgun.

3.2.9 Hvað telur þú að vanti helst í sveitarfélagið?

Íbúum var hér boðið að koma með ábendingar frá eigin hjarta um það sem á vantaði í sveitarfélaginu. Eitt hugðarefni var þar mjög áberandi: Hitaveita.

Íbúar Strandabyggðar kalla eftir hitaveitu og/eða faglegri skoðun á þeim möguleika. Þetta viðhorf kom einnig fram á íbúafundinum, en þar fengu íbúar tækifæri til að forgangsraða áherslum. Eftirfarandi listi varð útkoman þar:

23	Hitaveita
21	Umhverfismál
15	Atvinnumál
8	Húsnæðismál
	Leikvellir, útvistar- og æskulýðsmál
	Fjölskyldan
	Ljósleiðari

Á fundinum vildu 23 af um 50 fundamönnum sjá hitaveitu sem fyrsta verkefni sveitarfélagsins. Umhverfismál og atvinnumál fylgdu þar á eftir.

Það er því ljóst að sveitarstjórn Strandabyggðar þarf að nálgast þetta mikla en mikilvæga viðfangsefni á næstunni. Það er líka ljóst, að verkefni af þeirri stærðargráðu að hefja uppbyggingu hitaveitu, frystir alla aðra uppbyggingu í jafn litlu sveitarfélagi og Strandabyggð er. Það verður því alltaf að veða og meta þá hagsmuni sem þarna skarast, því erfitt verður að vinna að öllum verkefnum á sama tíma. Forgangsröðun stjórnenda sveitarfélagsins þarf ávallt að taka tilliti til margra þátta, líkt og mannafla, fjárhags, stefnumótunar ofl.

3.2.10 Önnur skilaboð til Sveitarstjórnar?

Að lokum gátu svarendur skoðanakönnunarinnar sent sín skilaboð til sveitarstjórnar. Hér fylgir sá listi:

- Þetta er frábært framtak, gangi ykkur vel!
- Vera jákvæð og glöð.
- Að halda vel á fjármunum sveitarfélagsins. Hlusta á íbúanna, hvetja til meiri sjálfböðavinnu til að fegra ásýnd bæjarins.
- Fundargerðir mættu vera betri.
- Stofna hlutafélag um hitaveitu þar sem Orkubúið kemur hvergi nálægt.
- Við þurfum líka að styrkja ímynd okkar og bæta við hlutum sem draga gesti og nýja íbúa hingað.

- Dreifbýlið!

Höfundur hnaut um einn punkt í þessari upptalningu:

„Hlúið vel að þeim sem hér búa, það er ekki víst að það komi betra fólk í staðin”.

Í þessum skilaboðum til sveitarstjórnar er að mati höfundar, birtist í senn hlýja og náungakærleikur, en einnig óvissa um framhaldið.

Og það er kannski vert að skoða frekar þessa tvo póla; þeir sem eru og þeir sem koma. Nútíð og framtíð. Samfélagið og þar með sveitarstjórnin getur vissulega haft áhrif á það hverjir eru hér sem núverandi íbúar. Það gerist með virðingu,vinveittu og jákvæðu viðmóti, atvinnuöryggi og góðri grunngerð. Hið síðara, hverjir gætu komið, er einnig í okkar hendi og þó sérstaklega sveitarstjórnarinnar. Þar getur sveitarstjórnin ákveðið að t.d. markaðssetja Strandabyggð sem fjölskylduvænan stað, þar sem börnum líður vel og aðgengi að menntun, íþróttum, afþreyingu og tólmstundum er mikið og gott.

Eins getur sveitarfélagið unnið markvisst að því að laða að fyrirtæki með því að skipuleggja svæði til atvinnurekstrar, t.d. Skeiðið, bjóða íviljanir og hagstæðan gjaldaramma í byrjun o.s.frv. Auknum fyrirtækjum fylgir síðan aukinn fjöldi starfsmanna eða íbúa, þannig að allt tengist þetta. Allt snýst þetta um það að taka ákvörðun. Ákveða hvernig mannlíf gæti eða ætti að vera hér innan einhverra ára. Það kallast framtíðarsýn og það er hlutverk sveitarstjórnar að móta slíka sýn.




3.3 Samantekt – megin niðurstöður skoðanakönnunar

Eftirfarandi listi dregur saman, að mati höfundar, þær megin áherslur sem skoðanakönnunin gaf af sér:

- **Samskipti.** Þörf er á betra viðmóti, skýrari ferlum, meiri upplýsingagjöf, meiri sýnileika => betri samskipti
- Sýna þarf meiri fagmennsku, **skilvirkni** og gagnsæi => betri stjórnsýslu
- Auka **eftirlit**, meiri og skýrari verkstjórn
- Fjölbreyttara **atvinnulíf** => meiri möguleika, meiri vinnslu og verðmætasköpun, bæði í sjávarútvegi og landbúnaði
- **Húsnæðismál** => fjölgun íbúa kallar á aukið framboð húsnæðis, sem er ekki til staðar í dag
- **Umhverfismál** => bæta ásýnd, fegra bæinn => í raun þarf vitundarvakningu
- **Afþreyingu**, útivist => laða að ungt fólk með börn. Markaðssetja Hólmavík
- **Sameining skóla** og meiri samnýting => Meiri fagmennsku, metnað
- **Hitaveitu.**

Þessi niðurstaða kallar á endurskoðun innan sveitarfélagsins hvað **samskipti, starfslýsingar** og **ferla** varðar. Ljóst er að hér þarf að bæta viðmót og andrúmsloft. Eins þarf að svara kalli íbúa hvað almenna uppbygging innviða varðar. Það svar er í raun hluti þessarar stefnumótunarvinnu.

Þrátt fyrir aðeins 26% svörun, má með engu móti hundska þessi svör og þá vinnu sem íbúar lögðu í þau. Svörin eru jú ómur eins af hverjum fjórum íbúum, sem láta sig málin varða. Þau eru grunnurinn að þessari vinnu og í raun leiðarvísir sveitarstjórnar.



3.4 Innri skipulagsmál

Eins og fram hefur komið, var annað þeirra áherslu-sviða sem undirbúningsvinnan vorið 2015 skilaði, **innri mál** og **innri stjórnsýsla**. Sem leið til að ná utan um þá umræðu voru tekin viðtöl við alla forstöðumenn, bæði þá sem nú eru í starfi og eins tvo sem voru í leyfi. Lagðar voru fyrir þá sömu spurningarnar og tók höfundur viðtöl við hvern og einn, og studdist þar við þessar spurningar:

1. Skipurit Strandabyggðar
 - Hvernig er það? Hver er þín staða í því? Skýr Óskýr Sanngjörn Veistu hvað þú mátt og átt að gera?
2. Er ábyrgð í takt við verksvið?
 - Hvernig upplifir þú þitt verksvið?
Hver er þín ábyrgð?
3. Eru fyrirmæli skýr?
4. Upplýsingamiðlun innan sveitarfélagsins?
5. Þátttaka þín í fjárhagsáætlanagerð?
 - Tengsl
 - Eftirlit
 - Eftirfylgni
6. Tengsl við sveitarstjóra/sveitarstjórn
 - Sýnileiki
 - Samskipti
 - Samstarf
7. Hverju má breyta?
8. Annað?

Hér fylgja helstu svör forstöðumanna við þessum spurningum:

3.4.1 Skipurit Strandabyggðar

Hér skiptust svörin í tvo flokka; sumir forstöðumenn voru vel meðvitaðir og upplýstir um það skipurit sem til er, en aðrir höfðu ekki séð neitt í þá veru. Sumum fannst það óskýrt, höfðu heyrt af því en ekki séð.

Staðan er sú, að opinberlega liggur ekkert skipurit frammi. Grunnur að því er til, en ekki notaður. Skipurit er mikilvægt stjórnæki bæði innávið í stjórnkerfið sem útávið gagnvart notendum þess; í þessu tilviki íbúum Strandabyggðar og öðrum. Skipuritið á að sýna það mynstur og þær boðleiðir sem upplýsingamiðlun, ákvörðunartökuvald og ábyrgð byggir á. Sveitarstjórn hefur þegar ákveðið úrbætur í þá veru að móta nýtt skipurit. Það skipurit, mun endurspeglar hugsanlegar nýjar áherslur eða nýja stefnu Strandabyggðar. Það er ófrávíkjanlegt samhengi milli stefnu og skipulags, sem verður að hafa í huga. Því mun þetta haldast í hendur og líta dagsins ljós síðar.

3.4.2 Ábyrgð og verksvið

Hér runnu svörin svolítið saman við undirspurninguna; „Er þitt hlutverk í skipuritinu skýrt?” Flestir voru þó á því að verksviðið væri frekar skýrt, en þó höfðu þeir hinir sömu gjarnan þurft að finna fram úr því sjálfir. Sumum fannst þeim hafa verið „hent út í djúpu laugina” hvað þetta varðar. Fram koma að ráðningarsamningar voru ekki alltaf gerðir, þó frekar nú í seinni tíð með núverandi sveitarstjóra. Eins kom fram að nefndirnar eru oft mikilvægur stuðningur við forstöðumenn og þannig á það jú að vera. Nefndirnar eru mikilvægt hjálpartæki sveitarstjóra og sveitarstjórnar annars vegar og forstöðumanna hins vegar. Almennt má segja að hlutverk nefnda þarfnist endurskoðunar.

3.4.3 Eru fyrirmæli skýr?

Hér virðist vanta á að samskipti gangi snuðrulaust. Fyrirmæli voru oft talin óskýr eða jafnvel engin. Eins voru nokkrar athugasemdir í þá veru að fyrirmæli og stefna stönguðust á, m.ö.o. að oft væri eins og ekki væri unnið eftir neinni stefnu. Þá þótti skorta á stuðning eða eftirfylgni frá sveitarstjóra og sveitarstjórn.

3.4.4 Upplýsingamiðlun innan sveitarfélagsins

Þegar forstöðumennirnir voru spurðir þessarar spurningar, kom önnur spurning oft til baka; hverju á að miðla? Engin skilgreining var til staðar fyrir forstöðumenn og/eða aðra starfsmenn hverju þeir ættu að miðla innan stjórnkerfisins. Ekki höfðu verið haldnir fundir með forstöðumönnum Strandabyggðar og því ljóst að verulega skorti á að upplýsingamiðlun og almenn samskipti væru í lagi.

Einnig kom fram gagnrýni á að upplýsingamiðlun af hálfu sveitarstjóra/sveitarstjórnar væri ekki að þeirra frumkvæði, heldur þyrftu forstöðumenn að „sækja sér” þær upplýsingar sem þeir vildu. Helst var talað um að forstöðumenn fengju tölvupóst í tengslum við fjárhagsáætlanagerð og bókhaldsmál. Hvað fjárhagsáætlanagerðina varðar, sem nánar er fjallað um síðar, kom þó fram að verulega skortir á að upplýsingamiðlun eftir að fjárhagsáætlun er ákveðin, sé í lagi. Forstöðumenn vissu þar lítið um afdrif sinna tillagna eða óska.

Þessi augljósi misbrestur hefur nú verði leiðréttur að miklu leyti, því byrjað er að halda reglulega forstöðumannafundi auk þess sem starfsviðtöl eru hafin með formlegum hætti.

Heimasíður Strandabyggðar þykja ekki nægilega öflugar hvað upplýsingamiðlun varðar. Það vandamál er þó kannski tilkomið þar sem stöðugildið hefur ekki haft fastan stað í skipuritinu, heldur flakkað manna á milli eftir hæfni þeirra í tölvu- og margmiðlunarmálum.

3.4.5 Þátttaka í fjárhagsáætlanagerð

Hér voru flestir forstöðumenn sammála um að ferlið í aðdraganda fjárhagsáætlanagerðarinnar væri gott. Öllum forstöðumönnum er þar uppálagt að skila inn þarfalýsingu og óskum, sem þeir kynna gjarnan fyrir sveitarstjóra. Þessar þarfalýsingar eru mikilvægar, því þær eiga að taka mið af starfi viðkomandi sviðs, fyrirhuguðum framkvæmdum, uppbyggingu, viðhaldi, starfsþjálfun starfsmanna o.s.frv., þannig að hér er um grundvallar upplýsingar fyrir sveitarfélagið að ræða.

Það koma hins vegar fram önnur viðhorf þegar rætt var um eftirfylgni af hálfu sveitarstjóra. Þar skortir talsvert á að forstöðumenn fái að vita um afdrif sinna þarfalýsinga og einstaka kostnaðarliða í þeim.

Eftirfarandi listi sýnir annars nokkrar athugasemdir forstöðumanna hvað þessa spurning varðar:

- Vill fylgjast betur með bókhaldi. Ekki beðið um útskýringar á innihaldi þarfagreiningar
- Mætti vera meiri eftirfylgni og fundir með oddvita og sveitarstjórnarteymi
- Fundar með teymi, skjalið yfirfarið og spurt um forsendur. Allt mótað. Fær áætlun og á að lesa úr henni áherslur og aðgerðir. Vel sundurliðað frá Söbbu. Ekki fundir með forstöðumönnum og sveitarstjóra
- Á hvaða sviði? Í hvaða hlutverki? Þarf síður upplýsingar sem forstöðumaður, en þarf þær sem íbúi. Vill skilmerkilegri og reglubundnari miðlun. Formlegri fundi
- Vantar skilvirkni, innleiðingu og eftirfylgni
- Gott samband við Söbbu, sendir yfirlit, byggt á bókhaldslyklum
- Mjög gott í annað skiptið. Gott excel skjal. Aldrei fengið yfirlit yfir fjármagn, engin yfirsýn. Ekki yfirsýn yfir bókhaldslykla sviðsins.

Hér er sláandi að forstöðumenn virðast ekki hafa næga yfirsýn sjálfir yfir rekstur eigin sviða, t.d. hafa þeir ekki haft aðgang að bókhaldslyklum síns sviðs. Það verður að teljast slæmt, þegar ábyrgð forstöðumanna er á sama tíma mjög skýr. Allri ábyrgð verður að fylgja vald til ákvörðunartöku og fullkomið gagnsæi upplýsinga. Þegar er byrjað að leiðrétta þessa ágalla í innri samskiptum, bæði með bættum ferlum en einnig með betri nýtingu á bókhaldskerfi.

3.4.6 Tengsl við sveitarstjóra og sveitarstjórn

Líkt og í skoðanakönnuninni kom fram nokkur gagnrýni á sveitarstjóra og sveitarstjórn hvað sýnileika og samskipti varðar. Flestir töluðu um skort á vettvangi til innri samskipta og kölluðu eftir reglulegum forstöðumannafundum. Sveitarstjóri brást skjótt við þeirri gagnrýni og hafa slíkir fundir nú verið teknir upp með skipulögðum hætti.

Fram koma að starfsfólk undirstofnanna sveitarfélagsins, talar um skort á sýnileika sveitarstjóra og sveitarstjórnarmanna. Var talað um að visst áhugaleysi virtist einkenna

viðmót sveitarstjórnarmanna og væri jafnvel hætt að reikna með þeim eða bjóða þeim á viðburði innan sveitarfélagsins. Rétt er að hafa í huga að allir sveitarstjórnarmenn eru í föstu starfi sem getur hamlað þeim frá því að taka ávallt þátt í slíkum viðburðum. Engu að síður var sveitarstjórn sammála um að skoða þessa gagnrýni og finna leiðir sem allir geta sætt sig við. Slíkar leiðir verða kynntar síðar.

Kallað var eftir skýrara leiðarljósi og áherslum frá sveitarstjóra og sveitarstjórn. Til dæmis þótti vissum forstöðumönnum þeir ekki hafa nægilega góða fjárhagslega yfirsýn þar sem þeir hefðu ekki aðgang að bókhaldslyklum sinna sviða. Þessari gagnrýni hefur verið svarað og fundinn farvegur fyrir einfaldað aðgengi þeirra að þessum gögnum.

Í heildina vildu forstöðumenn formgera meira þau samskipti sem þeir eiga við sveitarstjórn og sveitarstjóra og taka upp reglulega fundi, skilgreina hvaða upplýsingum þarf að miðla reglulega þeirra í milli o.s.frv. Þá var undirstrikað að sýnileika þyrfti að auka, því hann bæri vott um áhuga fulltrúa sveitarfélagsins til að setja sig inn í mál og fylgjast með því sem gerist í undirstofnunum.

3.4.7 Hverju má breyta?

Hér fengu forstöðumenn tækifæri til að koma með ábendingar um hverju mætti breyta. Eftirfarandi er upptalning helstu ábendinga þeirra um hverju mætti breyta:

- Vantar samráðsfundi til að: upplýsa, “pepp-fundi”
- Skýrari reglur/ramma, t.d. um snjómokstur. Skýra notkun verktaka og innri starfsmanna. Setja stefnu. Skoða kostnað
- Samskipti, gagnsæi við fjárhagsáætlanagerð, þögnin er vond.
- Skýrari stefnu, markmið, eftirfylgni, utanumhald, upplýsingagjöf (veit ekki um ákvörðun um viðhald). Ákvarða þjónustustig. Skýrari, skilmerkilegri og fljótlegri vinnubrögð. Skilvirkni í afgreiðslu mála.
- Viðmóti, fasi, fá forstöðumannafundi, samskiptamál, boðmiðlun, skilaboð, afmarka ábyrgð, heimasíða/-síður, kynningarmál.
- Formfestu.
- Væntumþykju. Ekki baknag. Virða góðan vilja.
- Brjóta upp og byggja upp nýtt skipurit. Hvað með markaðsmál, ferðamál?
- Sameina íþróttamiðstöð og íþrótt- og tómsfundasvið.

Þessi upptalning sýnir skýrt ákall um meiri formfestu í öllum innri samskiptum. Mörgu hefur verið brugðist við nú þegar af sveitarstjóra og sveitarstjórn, en engu að síður þarf að endurskoða og skilgreina að nýju með heildrænum hætti þau samskipti sem sveitarstjórn, sveitarstjóri, forstöðumenn og nefndir þurfa að eiga sín í milli.

3.4.8 Annað?

Að lokum var opnað á skilaboð eða innlegg forstöðumanna. Hér komu fram jákvæð skilaboð og hvatning til sveitarstjóra og sveitarstjórnar og má t.d. nefna skilaboð eins og:

- Gott umhverfi til að starfa í. Fólk vill vel.
- Ánægð að þetta sé í gangi.
- Hugsa um möguleika fólks til að vaxa/þroskast í starfi.

Af neikvæðum punktum má nefna: Heimasíðan léleg og vantar ritstjóra, forsendur fyrir gjaldheimtu milli stofnanna sveitarfélagsins óljósar ofl.

3.4.9 Samantekt viðtala við forstöðumenn

Það fyrsta sem kemur í hugann er: skortur á formfestu, skilvirkni og ábyrgðarlýsingum. Þá virðast innri ferlar ekki nægilega skýrir og eftirliti og eftirfylgni er ábótavant. Einnig var rætt um skort á sýnileika, boðmiðlun er ábótavant og það skortir sýn og leiðarljós í daglegu starfi.

Það jákvæða er hins vegar að starfsfólkið er engu að síður jákvætt og metur það svo að því sé treyst og að fólk reyni að gera sitt besta. Það er margt gott í Strandabyggð og það er jákvæð vinna í gangi.

Það þarf hins vegar að tryggja sem fyrst, að forstöðumenn upplifi sig sem hluta af heild, að staður þeirra og ábyrgð í skipuriti sveitarfélagsins sé öllum ljós. Að öðrum kosti verður erfitt fyrir þá að sinna því hlutverki sínu að tryggja íbúum þá þjónustu eða veita þær upplýsingar sem þeim ber að gera.

3.5 Íbúafundur

Á íbúafundi sem haldinn var 5 maí 2016, var farið ítarlega yfir niðurstöðu skoðanakönnunarinnar. Þar fengu íbúar tækifæri til að tjá sig um þær niðurstöður en einnig var þeim gefinn kostur á að forgangsraða áherslum í framtíðar verkefnum sveitarfélagsins. Sá listi er eftirfarandi:

23	Hitaveita
21	Umhverfismál
15	Atvinnumál
8	Húsnæðismál
	Leikvellir, útivistar- og æskulýðsmál
	Fjölskyldan
	Ljósleiðari

Það kom skýrt fram á fundinum að brýnasta verkefni Strandabyggðar, að mati þeirra íbúa sem mættu á fundinn, er hitaveita og það að fá úr því skorið af óháðum fagaðila hvort og þá hvernig hagkvæmast væri að byggja hana upp í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið hefur þegar hafist handa við að skoða þessa möguleika og var haldinn



nokkuð fjölmennur fundur um málið á vordögum 2016. Atvinnuþróunarfélagið tekið þátt í skoðun málsins.

THORP
CONSULTING
Einnig hefur

Ljóst er að uppbygging hitaveitu er verkefni af slíkri stærðargráðu að það myndi teppa allar aðrar framkvæmdir um langa framtíð. Hins vegar væri það líka mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf í Strandabyggð og myndi augljóslega þýða aukin lífsgæði fyrir íbúa. Nú þegar er kostnaður við að hita t.d. sundlaugina á Hólmavík verulegur. Þetta er því alls ekki einföld aðgerð né ákvörðun, en spurningunni um kostnað og raunhæfni þarf engu að síður að svara. Sú undirbúningsvinna er þegar hafin hjá Strandabyggð, með aðstoð Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Á eftir hitaveitu komu umhverfismál. Þar ber hæst Skeiðið og alhliða tiltekt þar. Ljóst er að það verkefni er þess eðlis að erfitt verður fyrir sveitarfélagið að horfa fram hjá því við undirbúning næstu fjárhagsáætlana. Tiltekt á Skeiðinu er dæmigert langtímaverkefni sem hægt væri að vinna á 3-4 árum. Það mun reyna á alla hlutaðeigandi á svæðinu sem bera þar augljósa ábyrgð. Sveitarfélagið ber einnig ábyrgð á svæðinu, t.d. hvað heilbrigði og hreinlæti varðar. Þetta er því sameiginlegt verkefni sem vinnst ekki nema í sátt og fullkomnum skilning á hlutverki og ábyrgð allra hlutaðeigandi.

Auk tiltektar á Skeiðinu, nefndu íbúar önnur umhverfismál sem þeir telja mikilvæg. Þar má nefna: Viðhald á húsnæði sveitarfélagsins, útrýming lúpínu, meiri malbikun og almenn viðgerð á götum, fleiri útivistarsvæði, fleiri græn svæði ofl.

Atvinnumál eru einnig ofarlega í hugum íbúa og komu fram margar ábendingar þess eðlis. Má nefna: fjölga veitingastöðum og lengja opnuartíma þeirra, auka við afþreyingu á svæðinu, efla smábátaútgerð, stuðla að lækkun raforkukostnaðar þannig að rekstur smáfyrirtækja gangi upp ofl.

Að auki var bent á bættan aðbúnað í skólum, eflingu íþróttaiðkunar og fjölskylduvænna samfélag.

Það sem vakti athygli höfundar var vilji íbúa til að taka til sín ýmsa þá gagnrýni sem rædd var á fundinum og snéri að: betra og fallegra umhverfi, bættu viðmóti, jákvæðara viðhorfi gagnvart viðburðum og verkefnum innan sveitarfélagsins ofl. Flestir sögðust bæði geta og vilja bæta sig, taka meiri þátt og gefa meira af sér í þágu sveitarfélagsins. Eins buðust margir til að taka þátt í hreinsunarátaki í Strandabyggð.

Þetta er mjög jákvætt viðhorf sem vonandi er vísir að því sem koma skal, því án samvinnu og gagnkvæms skilnings sveitarfélagsins og íbúa, verða öll verkefni og allar aðgerðir svo miklu erfiðari og árangurinn ósýnilegri.

3.6 Grunnskólanemar

Sértök ósk kom frá Grunnskólanum á Hólmavík um að elstu bekkirnir fengju sérstaka kynningu á stefnumótunarvinnunni, um hvað hún snérist, hvað einstök hugtök þýddu o.s.frv. Var þessu erindi tekið fagnandi og átti höfundur mjög gefandi fund með nemendum 8.-10. bekkjar í Grunnskólanum á Hólmavík. Helstu áherslur nemenda eru eftirfarandi:

- Net fyrir ofan fótboltavöllinn svo boltinn fari ekki út á götuna
- Stóra rennibraut í sundlaugina
- Sparkvöllur er ónýtur
- Skólahreystibraut
- Hitaveita, internet, kerfisveitan, tölvur í skólann, ipad, gardínur í grunnskólann
- Húsnæði fyrir Ozon
- Ljós (gangstíg á tjaldstæði)
- Laga vegi. Betri gangstéttir. Aðstöðu fyrir fatlaða
- Mótorkrossbrautin

Hugðarefnin tengdust gjarnan áhugamálum, en einnig má sjá þarna skýr merki þess að nemendur eru meðvitaðir um mikilvægi þess að innviðir séu í lagi, hvort heldur sem er innan skólans sem utan. Spannast góð umræða um þessa þætti með nemendum.

Þegar rætt var um jákvæða og neikvæða þætti, kom fram eftirfarandi:

Jákvætt:

- Kennslan í grunnskólanum, samfélagið, fallett í bænum
- Góður félagsskapur, allir þekkja alla, alltaf heilsað manni þegar maður mætir einhverjum úti að labba
- Fallegur bær, halda honum hreinum. Fleiri tré

Neikvætt

- Of mikil samkeppni
- Tölvur inn í stofu, klósett, fleiri námskeið
- Skólalóð, sjoppa, sjómannadagur, Hamingjudagar, áhaldageymsla í íþróttahúsi, leikvellir á tjaldstæðinu, körfuboltavöllur á skólalóð, meiri afþreyingu, vantar hús

Sérstaklega var rætt um Hamingjudaga á Hólmavík og hvernig þeir tengdust unglingum. Þar vildu nemendur sjá meiri afþreying fyrir unglinga og að Hamingjudagar væru notaðir betur til að kynna Hólmavík fyrir ferðamönnum. Nemendur kölluðu eftir meiri dagskrá, nýju og skemmtilegra efni. Og, að það þyrfti að kynna hátíðina meira fyrir yngri krökkunum þannig að þau séu komin inn í „hringinn“ fyrr.

3.7 Samantekt gagnaöflunar

Öll stefnumótun verður að byggja á sönnum og nýlegum gögnum, þannig að úr verði raunhæf framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Hér var víða leitað fanga eins og fram hefur komið og er það álit höfundar að sá gagnagrunnur sem framtíðarsýn Strandabyggðar til 2021 mun byggja á, sé í senn raunhæfur og marktækur. Það helsta sem fram hefur komið er eftirfarandi:

Stjórnsýslan

- Auka þarf formfestu og skilvirkni og styrkja þá ferla sem fyrir eru
- Bæta þarf innri og ytri samskipti, viðmót og andrúmsloft
- Efla upplýsingagjöf innan og utan sveitarfélagsins
- Halda áfram jákvæðum áherslum og vinna marktvisst að því að efla tengsl íbúa við sveitarstjórn og sveitarstjóra, t.d. með íbúafundum og fréttabréfi til íbúa.

Atvinnulífið

- Auka fjölbreytni afþreyingar og atvinnulífs
- Skoða möguleika á að auka við fullvinnslu matvæla
- Skipuleggja atvinnusvæði og bjóða íviljanir og/eða stuðning vegna nýfjárfestinga, svo langt sem lög og reglur þar að lútandi leyfa
- Þrýsta á tengingu ljósleiðara til að skapa eðlileg rekstrarskilyrði
- Þrýsta á jöfnun og lækkun rekstrarkostnaðar eins og flutnings- og rafmagnskostnaðar.

Samfélagið

- Sannreyna kosti, galla og kostnað við hitaveitu
- Efla jákvæðni og sjálfstraust meðal íbúa í sveitarfélaginu
- Skoða aukna samnýtingu skólabygginga og skólastiga
- Efla fagþekkingu kennara og leggja sérstaka áherslu á tónlistarskólann og aukið íþróttastarf og aðstöðu til þess.

Umhverfismál

- Taka til á Skeiðinu
- Leggja meiri áherslu á grænni byggð, með aukinni gróðursetningu og mótun fleiri útivistarsvæða
- Koma á vitundarvakningu varðandi sorphirðu og plast-ofnotkun
- Efla samvinnu íbúa og sveitarfélagsins um bættu ásýnd bæjarins.

4. Markmið og markmiðasetning

Þau markmið sem rædd hafa verið á vettvangi sveitarstjórnar í tengslum við þessa stefnumótunarvinnu, spanna marga flokka og mörg svið í rekstrinum. Þar má nefna mælanleg markmið eins og:

- Aukinn fjöldi íbúa í Strandabyggð
- Fjölgun nýrra fyrirtækja og atvinnutækifæra
- Efla samvinnu íbúa og sveitarfélagsins um bætta ásýnd bæjarins.

Önnur markmið er ekki eins auðvelt að mæla, eins og:

- Bætt lífsskilyrði og lífsánægju íbúa (slík markmið eru oft mjög einstaklingsbundin og því erfitt að alhæfa um þau)

Markmið þurfa að vera tímasett, mælanleg og raunhæf til þess að hægt sé að styðjast við þau til að mæla árangur. Þegar sveitarstjórnir setja sér markmið, gilda sömu reglur og við alla markmiðasetningu, nema hvað tímaramminn er oftast ákveðinn, þ.e. tíminn milli fjárhagsáætlana. Ýmsar forsendur þurfa að vera til staðar, þannig að hægt sé að setja markmið af þessu tagi og snúast þær forsendur gjarnan um aðgengi að upplýsingum og gæði þeirra.

Forstöðumenn verða að hafa og leggja fram ítarlegar og nákvæmar upplýsingar og gögn í sínum þarfagreiningum. Nefndir þurfa að hafa upplýsingar um starfsemi viðkomandi sviða o.s.frv.

Markmið hafa hins vegar litla merkingu ef forsendur þeirra eru ekki raunhæfar. Þannig getur markmið um fjölgun íbúa aldrei náðst ef forsendur þess eru ekki til staðar, t.d. að hægt sé að taka við fleira fólki, að til sé húsnæði, atvinna, skólaláss o.s.frv. Þetta verður að hafa í huga, því það er auðvelt að tína sér í draumórum.

Annað sem verður að skoða þegar markmið eru rædd, er sérstaða svæðisins. Hvað er það sem gerir Strandabyggð þannig svæði, að markmið um t.d. aukinn íbúafjölda náist? Eða markmið um atvinnuuppbyggingu? Eða aukna fullvinnslu á matvælum? Sérstaðan þarf að vera til staðar og að mati vinnufundar sveitarstjórnar Strandabyggðar, 2015, er sérstaðan eftirfarandi:

- Hreint svæði (sauðfjárveikivarnir, Earth check)
- Staðsetning, lega m.t.t. þjónustu
- Matarkista: Fiskur, kjöt, ber ...
- Hornstrandir. Strandabyggð ætti að vera anddyrið að Hornströndum, ekki Ísafjörður
- Galdrasafnið

- Fólkið. Hér er fólk sem sýnir djörfung í sínu lífi, starfi, verkum
- Smábátaútgærd
- Fullkornasta rækjuverksmiðja í heimi.

Sé þetta allt satt og rétt, kemur upp spurningin; hvernig komum við þessu á framfæri?

Markmið eru í eðli sínu ávísun á aðgerðir. Þau nást ekki öðruvísi. Eitthvað þarf að breytast á því tímabili sem markmiðið nær til. Þannig að, markmiðum fylgja aðgerðir og þeim þarf að stýra í formi verkefnastjórnar.

Sé það t.d. markmið Strandabyggðar að innan 20 ára verði íbúafjöldi Strandabyggðar 600 eða aukning um ca 100 íbúa, þá þarf að gera ýmislegt til að það markmið náist. Til dæmis:

- Tryggja húsnæði fyrir 100 manns á 20 árum, eða 5 manns á ári
- Geta boðið grunngerð, umhverfi og andrúmsloft sem laðar fólk hingað og heldur í þá sem eru til staðar. Hér skipta allir íbúar máli. Það skiptir máli hvernig tekið er á móti fólk og hvernig við umgöngumst og tölum um hvert annað
- Auka atvinnutækifæri. Skapa ný tækifæri með úthlutun lóða, skipulagningu nýrra svæða, auka frumkvæði sveitarfélagsins og efla nýsköpun, því það er mikilvægt að fá nýjan iðnað, aukna fjölbreytni á svæðið
- Stækka leikskóla og tryggja að grunnskólinn geti bætt við sig
- O.s.fr.

Þetta er mikilvægt að hafa í huga því það er auðvelt að setja niður markmið, allt annað er að ná þeim.

5. Lykilþættir árangurs

Þegar farið er yfir það sem getur aukið líkur á árangri og eins það sem getur tafið fyrir eða komið í veg fyrir árangur, er gjarnan verið að tala um lykilþætti árangurs. Hvað Strandabyggð varðar, koma strax eftirfarandi lykilþættir árangurs upp í hugann:

- Áhugi og geta fólks til að búa í Strandabyggð
- Fjárhagslegur styrkur sveitarfélagsins
- Mannauður sveitarfélagsins. Hér skiptir máli að sveitarfélagið ráði yfir sem víðtækastri fagþekkingu á þeim sviðum sem einkenna reksturinn
- Samvinna við íbúa. Samvinna, sem byggir á gagnkvæmum skilningi og virðingu er lykilatriði. Án þessa, er erfitt að ná tilætluðum árangri. Mjög mörg mál eru einfaldlega þannig vaxin, að samvinna um mótun aðgerða, innleiðingu og eftirfylgni er forsenda árangurs. Hér má nefna umhverfismál sem dæmi. Hólmavík og Strandabyggð í heild sinni, verður varla fallegrí en umgengni íbúa leyfir. Það verður seint þannig að sveitarfélagið taki til allt sem afvega fer hjá íbúum. Árangur byggir á samvinnu
- Áhugi atvinnulífs á nýfjárfestingum og/eða frekari uppbyggingu á núverandi atvinnustarfsemi
- Aukin ferðamannastraumur. Hér er þó vert að hafa í huga gömlu söguna um hænuna og eggid. Hingað koma margir ferðamenn til að skoða Galdrasafnið. Ástæðan er tvíþætt; safnið er fróðlegt og mikil upplifun, en annað er að önnur skipulögð afþreying er sáralítill í Strandabyggð og því lítið annað að skoða. Það er því alls ekki gefið að ferðamönnum hingað fjölgi verulega, nema til komi aukin og fjölbreytt afþreying. Hænan kemur yfirleitt á undan egginu
- Úrbætur í húsnæðismálum. Húsnæðisvandinn er staðreynd í Strandabyggð, líkt og víða annars staðar. Komi ekki til raunverulegar og skjótar úrbætur, er erfitt að sjá hvernig t.d. markmið um fólksfjölgun næst, eða fjölgun atvinnutækifæra/nýrra fyrirtækja.

Sumir þessara lykilþátta eru í raun utan þess ramma sem sveitarfélagið getur haft bein áhrif á og það flækir málið. Stjórnvöld þurfa að koma að þar sem breytinga eða úrbóta á grunngerð er þörf.

6. Verkefni og verkefnaáætlanir

Samhliða úrvinnslunni var byrjað að móta verkefni og áherslur þeirra. Það lá fyrir að forgangsröðun verkefna myndi alltaf taka mið af:

- Fjárhagsáætlanagerð
- Starfsmannamálum/mannauði
- Fjárhagslegri stöðu sveitarfélagsins.

Ákveðið var að skrá öll þau verkefni sem fram komu í gagnaöflunarvinnunni og má hér sjá þau verkefni, brotin niður eftir því hvaða svið innan sveitarfélagsins þau spanna. Mörg þessara verkefna eru í raun aðgerðir fremur en viðamikil verkefni og eru mörg þeirra því þegar komin til framkvæmda. Verkefnin eru sett og orðuð eins og þau urðu til í gagnaöfluninni:

Innri stjórnsýsla, samskipti, skilvirkni og skipulag

Verkþáttur	Tilgangur/markmið
1 Innri stjórnsýsla: samskipti, skilvirkni, skipulag	
1 Forstöðumannafundir með sveitarstjóra	Efla samskipti, samheldni og upplýsingamiðlun
2 Verkefnafundir forstöðumanna með starfsmönnum	Miðla skilaboðum frá sveitarstjóra og sveitarstjórn. Skapa aga í verkefnastjórn og framkvæmd verkefna
3 Mánaðarlegar fréttir úr starfseminni	Auka upplýsingagjöf til íbúa um framgang verkefna, verkefni sveitarstjóra, áherslur og markmið
4 Eftirfylgni við fjárhagsáætlanagerð	Tryggja virkari þátttöku, eftirlit, aðhald, skoðanaskipti og virkni forstöðumanna við fjárhagsáætlanagerð
5 Verkefnastjórnun sveitarfélagsins.	Bæta yfirsýn yfir framgang verkefna, auka kostnaðarvitund og eftirlit með fjármunum, efla skilvirkni og samnýtingu í framkvæmd verkefna
6 Önnur innri málefni: gagnsæi, viðmót, ferlar, hagsmunatengsl	Bæta skilvirkni í starfsemi sveitarfélagsins
7 Aukinn sýnileiki. Verkefni: Fara í fyrirtækja- og stofnanna heimsóknir samhliða.	Auka sýnileika sveitarstjórnarfulltrúa og sveitarstjóra

Sveitarstjórn hefur þegar sett af stað sum þessarar verkefna, eins og t.d. forstöðumannafundi með sveitarstjóra og mánaðarlegar fréttir úr starfseminni, sem meiningin er að miðla til íbúa. Eftir er þó að yfirfara samskiptamál innan sem utan sveitarfélagsins og móta úrbætur þar að lútandi. Eins þarf að yfirfara ferla, skerpa á skipulagsmálum, hlutverki nefnda og almennt endurskoða innri starfsemi sveitarfélagsins.

Umhverfismál

Verkþáttur	Tilgangur/markmið
2 Umhverfismál	
1 Taka tillit á Skeiðinu. Verkefni móta vinnuhóp með atvinnurekendum, þakvarða í maramma, skilgreina markmið og úrræði. Skipa verkefnastjóra	Bæta sýnd bæjarins, auka samstöðu, koma á vegum fyrir umhverfismengun
2 Fegrund bæjarins	Skapa hlýlegri bæ með meiri gróðri, hvetja til meiri gróðursetningar
3 Flokkun dreifbýli	Gera búum dreifbýlis kleift að skila flokkun þorpi
4 Draga úr þannalastpokanotkun	Plastpokalaus Strandabyggð, styrkja mynd Strandabyggðar og bæta sýnd bæjarins
5 Önnur verkefni Eyða úpinu, fjöru-/vegahreinsun, fegraðæinn, almenn hreingun bæjarins, lagfæra útivistarsvæði	Fegraðæinn, bæta sýnd og laga umhverfi

Það er ljóst að stóra verkefnið hér er tiltekt á Skeiðinu. Það verkefni þarf að skilgreina sem 2-3ja ára verkefni, móta verkstjórn og vinnuhóp, kalla til aðstandendur fyrirtækja og þjónustuaðila á Skeiðinu og sameinast um markmið og verklag.

Önnur verkefni hafa þegar farið af stað að vissu marki og var t.d. efnt til hreinsunardags í júlí þar sem íbúar voru hvattir til þátttöku.

Atvinnumál

Hvað atvinnumál varðar, er ljóst að þar var kallað eftir margvíslegum verkefnum og úrbættum á vegum sveitarstjórnar. Hér má nefna:

Verkþáttur	Tilgangur/markmið
3 Atvinnumál	
1 Aukin fullvinnsla í sjávarútvegu og landbúnaði. Verkefni. Skoða með hvaða hætti sveitarfélagið getur a) hvatt til aukinnar vinnslu og b) er slík vinnsla raunverulega arðbær? Atvinnumálanefnd gæti unnið greiningu ásamt atvest. Móta vinnuhóp, skipa verkefnastjóra	Auka verðmætasköpun lykil atvinnugreina, skapa atvinnu, nýta húsnæði/fjárfestingar
2 Hvernig má skapa fjölbreyttara atvinnulíf? Kallað er eftir meiri fjölbreytni í atvinnulífi í Strandabyggð. Hvernig er hægt að mæta þeirri ósk? Verkefni: 1) skoða nýtingu landsvæða og skipulag 2) skoða lög og reglur varðandi íviljanir 3) Meta raunhæfni atvinnutækifæra 4) kynna Strandabyggð fyrir fjárfestum/fyrirtækjum	Efla fjölbreytni í atvinnulífi Strandabyggjar. Skapa tækifæri til ný-fjárfestinga og aukinna umsýva núverandi fyrirtækja og einstaklinga. Skapa meiri verðmæti. Tryggja búsetu til lengri tíma

Það er oft ekki augljóst hvað sveitarfélagið getur í raun gert til að efla atvinnu í Strandabyggð. Frumkvæðið þarf svo oft að koma frá einstaklingum og/eða fyrirtækjum. Engu að síður getur sveitarfélagið beitt sér, t.d. með eftirfarandi hætti:

- Skipulag lóða fyrir atvinnustarfsemi, t.d. Skeiðið

- Hugsanlegar ívilnanir þar sem fyrirtækjum er boðinn tímabundin lægri kostnaður við lóðakaup, byggingarkostnað og rekstur fyrstu árin. Þetta þarf þó að skoða vel af hálfu sveitarfélagsins
- Efla starfsemi atvinnuþróunarfélagsins á svæðinu
- Hvetja til hugmyndasamkeppni, málþinga og taka frumkvæði varðandi almenna umræðu um nýsköpun, atvinnumál og byggðapróun.

Mennta-, menningar- og samfélagsmál

Verkþáttur	Tilgangur/markmið
4. Mennta- menningar- og samfélagsmál	
1	Framhaldsdeild Grunnskólans Tryggja framhaldsmenntun eftir lok grunnskóla
2	Samnýting , samhæfing skólaeininga Tengja saman skólastig, samnýta fasteignir og starfsfólk
3	Efling tónskóla Styrkja tónlistarmenntun, bjóða kennslu utan grunnskólans
4	
5	Önnur verkefni: Kenna forritun, betri aðstöðu í leikskóla, Efla námsframboð, bæta aðstöðu, efla gæði menntunar í Strandabyggð, laða að ungt fólk

Það liggur fyrir að framhaldsdeildin haldi áfram svo það verkefni er í raun í föstum farvegi. Önnur mál tengdum þessum málaflokki, þarf að ræða innan sveitarstjórnar og meðal viðkomandi forstöðumanna. Þessar áherslur tengjast Skólafestnu Strandabyggðar.

Önnur verkefni

Það var margt annað sem kom fram og auðveldlega má tiltaka sem verkefni eða aðgerðir og er þeim þáttum öllum haldið til haga. Þeim verður sinnt af hálfu sveitarfélagsins eins og hægt er. Hér verða því aðeins tilgreind tvö önnur verkefni sem brenna á sveitarfélaginu og íbúum þess.

Verkþáttur	Tilgangur/markmið
5 Önnur verkefni	
1	Hitaveita- og Hólmavíkur-Verkefni kanna til rekstrargrundvöll fyrir uppbyggingu hitaveitu- Steingrímsfirði Bæta lífsgæði í Strandabyggð, laða að afleidd störf
2	Byggja upp Kópnesið

Hér er eitt stórt verkefni; kanna vænleika þess að byggja hitaveitu. Sú vinna er þegar komin af stað á vegum sveitarstjórnar, en Atvinnuþróunarfélaginu hefur verið falið að kanna kostnað við rannsóknir og lagningu hitaveitu. Niðurstöður liggja ekki fyrir þegar þessi skýrsla er gerð.

7. Framtíðarsýn

Hvernig verður Strandabyggð eftir 5 ár, 10 ár eða 20 ár? Þessari spurningu var reynt að svara á vinnufundunum sumarið 2015, eða öllu heldur var reynt að koma orðum yfir þá sýn sem sveitarstjórnarfulltrúar báru til framtíðarinnar. Svörin eru áhugaverð og margt af því sem þar kom fram vel til þess fallið að skoða nánar.

Strandabyggð eftir 10 ár - 2026

- Innra skipulag bætt og grunngerð hefur verið löguð (það er í takt við niðurstöður greiningarvinnunnar. Hér er átt við skólamál, umhverfismál, afþreyingu, tónlistarskóla, skipulagsmál, hitaveitu o.s.frv)
- Atvinnumál í betri farvegi, sérstaklega hefur fjölbreytni aukist
- Ferðaþjónusta hefur styrkt sveitarfélagið
- Smáíðnaður kominn í kjölfar aukins framboðs á lóðum
- Komin tvö hótél
- Fullvinnsla matvæla
- Aukin afþreying (sjóstöng)
- Strandabyggð hefur sameinast öðrum sveitarfélögum
- Íbúum hefur fjölgað til muna.

Strandabyggð eftir 20 ár - 2036

- Innra skipulag, grunngerð þróast áfram
- Ný skólabygging (grunn- og framhaldsskóli)
- Enn frekari áhersla á umhverfismál, malbikun, tiltekt, hreinsun, bóka- og skjalasafn, ljósleiðari kominn, rafmagnsframleiðsla með vindmyllum ofl.
- Uppbygging íbúðasvæðis í Brandsskjóli hafin
- Atvinnumál: Kominn hátækniíðnaður tengdur sjávarútvegi
- Bakarí og fiskbúð
- Íbúum fjölgar enn frekar
- Umræðan um 20 ára þróun svipar mjög til umræðu um 10 ára þróunina.

Strandabyggð eftir 20 ár - 2066

- Gagnaver sem nýtir kulda sjávar
- Stórt hjúkrunarheimili
- Borgirnar, sem útivistarsvæði
- Byggð komin í Brandsskjól
- Strandir orðnar þjóðgarður
- Íbúar um 2.000

Eðlilega verða hugmyndir manna um stöðu mála eftir 50 ár, litaðar bjartsýni, ímyndun og jafnvel hugarórum, en þannig verða engu að síður oft til mikilvæg markmið. Hér eru áherslurnar þær að íbúum hefur fjölgað mjög vegna góðrar stöðu í atvinnumálum og innri grunngerð. Svæðið laðar að hátækni og nýsköpun.

Nú hefur hver og einn sína skoðun á þessari framtíðarsýn, á þessum árum. Það er hollt fyrir okkur að hugsa út fyrir hinn svokallaða kassa og hugsa hátt og langt.

Fyrir sveitarfélagið er staðan þó aðeins alvarlegri, á þann veg, að framtíðarsýn Strandabyggðar þarf að fela í sér nokkra lykilþætti:

- **Raunsæ.** Framtíðarsýnin þarf að vera trúverðug og þannig orðuð að allir skilji hana
- **Viðráðanleg.** Þetta atriði tengist raunsæinu; fólk þarf að sjá að framtíðarsýnin byggir á sérstöðu, sterkum innviðum, þróun umhverfisins, mannauði, staðháttum og áhuga fólks, svo dæmi séu tekin. Hún verður að vera þannig að fólki trúi því að hún geti ræst
- **Spennandi.** Framtíðarsýn sem felur ekkert nýtt í sér, ekkert áhugavert eða skemmtilegt, nær aldrei flugi. Framtíðarsýn sem gengur út á að viðhalda núverandi stöðu, nær heldur aldrei flugi. Fólk þarf að finna djörfung, nýja hugsun, framþróun og vilja til að gera betur. Fólk fylkir sér frekar um þannig framtíðarsýn.

Sveitarstjórn Strandabyggðar mun leggja fram framtíðarsýn sem inniheldur þessar áherslur, sem afurð þessarar stefnumótunar vinnu.

7.1 Framtíðarsýn 2021

Út frá þeim hugmyndum sem hér hafa verið raktar, sem og þeim verkefnum sem liggja nú fyrir, hefur Sveitarstjórn Strandabyggðar sett fram sína sýn á aðstaður í **Strandabyggð árið 2021** og er hún eftirfarandi:

“Sveitarfélagið Strandabyggð er sveitarfélag í vexti.

Þar er hitaveita í eigu sveitarfélagsins og er húshitunarkostnaður sambærilegur því sem gerist annars staðar á landinu.

Ljósleiðaratenging eða sambærilega fjarskiptatenging er komin í dreifbýli í Strandabyggð og innanbæjar á Hólmavík.

Í Strandabyggð hefur gistirýmum fjölgað umtalsvert í öllum gæðaflokkum og geta ferðaþjónar tekið á móti yfir 200 manns í gistingu. Hér er góð aðstaða og tækifæri fyrir fyrirtæki vegna góðs netsambands, nægra atvinnulóða og afþreyingaþyrstra ferðamanna. Byggingarlóðir eru fyrir ýmsar stærðir húsnæðis í nýju skipulögðu íbúðahverfi í Brandskjólum.

Hjá sveitarfélaginu er skýrt skipurit þar sem skýrt er kveðið á um hvaða aðili ber ábyrgð á hvaða verkefni. Starfsmenn sveitarfélagsins vinna með skipulagsforrit til að hafa betri yfirsýn yfir framgang verkefna.

Skólastefnu Strandabyggðar er fylgt í hvívetna og unnið er að því að styrkja og efla samstarf leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla sem stuðlað getur að samfelldri heild í skólagöngu barna sveitarfélagsins.

Strandabyggð er umhverfisvottað sveitarfélag. Unnið er markvisst eftir áætlun um umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins.

Strandabyggð er heilsueflandi sveitarfélag. Á Hólmavík er íþróttamiðstöð með líkamsræktaraðstöðu fyrir 15-20 manns, sundlaug og íþróttavöll.

Strandabyggð hefur forystu um aukið samstarf við önnur sveitarfélög í fjölmörgum verkefnum”.

Þessi framtíðarsýn sveitarstjórnar tekur á lang flestum þeim megin áherslum sem stefnumótunarvinnan hefur leitt af sér. Hér má sjá verulega uppbyggingu í umhverfismálum, atvinnu- og menntamálum, komin verður hitaveita árið 2021 og sveitarfélagið er í vexti, enda orðið sérlega fjölskylduvænt með sérstaka áherslu á lýðheilsu, menntun og skólamál og bættu innviði.

7.2 Aðgerðir og verkefni fram til 2021

Til að ná þeirri mynd árið 2021 sem þessi framtíðarsýn dregur upp, þarf að ráðast í fjölmargar aðgerðir. Þær eru misjafnar að umfangi og eðli og er ljóst að sumar þeirra munu taka verulega orku, mannafla og fjármagn frá sveitarfélaginu, sem annars nýttust í önnur, minni verkefni. Það er t.d. ljóst, að uppbygging hitaveitu er stórt verkefni fyrir sveitarfélag af þeirri stærðargráðu sem Strandabyggð er, og ekki hægt að búast við miklum umsvifum á öðrum sviðum í rekstri sveitarfélagsins á meðan.

Hér birtist aðgerðartafla sem nær frá árinu 2018 til 2021. Ástæða þess að árið 2017 er ekki með í þessari töflu er einfaldlega sú, að nú er búið að loka fjárhagsáætlun ársins 2017 og því ekki hægt að bæta þar við verkefnum og fjárhagslegum skuldbindingum.

Þær aðgerðir sem farið verður í á árinu 2017 og eru þegar inni á fjárhagsáætlun eru:

1. **Uppbygging hitaveitu.** Farið verður í að kanna grundvöll og kostnað við nýtingu jarðhita í Hveravík og kostnað við að leiða heitt vatn til Hólmavíkur. Búið er að eyrnamerkja talsverðar upphæðir í þetta verkefni
2. Frekari **uppbygging og innleiðing ljósleiðarakerfis** í Strandabyggð
3. Vinna við **aðal- og deiliskipulag**, m.a. vegna svæða sem nýst gætu undir atvinnustarfsemi og nýja íbúðabyggð

4. **Uppbygging í Flosaból.** Lagt er til að Flosaból verði stækkað og aðstaðan betrubætt
5. **Aukin yfirsýn og gagnsæi í rekstri sveitarfélagsins.** Unnið verður að því á árinu 2017 að kanna með hvaða hætti hægt sé að halda betur utan um verkefni sveitarfélagsins og vinnu starfsmanna þess.

Gert er ráð fyrir fjármagni í þessar aðgerðir á árinu 2017 og verður þeim síðan haldið áfram á komandi árum, í takt við mikilvægi þeirra og með hvaða hætti þær styðja við framtíðarsýn sveitarfélagsins.

Þær aðgerðir sem sveitarfélagið leggur til frá og með 2018 til 2021, eru eftirfarandi:

Verkefni	Heiti verkefnis	Tilgangur/markmið	Ábyrgð	2018	2019	2020	2021
1	Markaðssetning í Strandabyggð	Laðaðið í öflugt fyrirtæki	Sveitarstjórn				
2	Uppbygging hitaveitu í Strandabyggð	Lækka kyndikostnað og bæta lífsgæði	Sveitarstjórn				
3	Gerð umhverfisáætlunar	Fallegt, aðlaðandi umhverfi	Sveitarstjórn				
	3.1. Tiltekt á Skeiði		Samvinna				
	3.2. Þanginn		Samvinna				
	3.3. Önnur svæði		Samvinna				
4	Aukin yfirsýn og gagnsæi í rekstri	Betri yfirsýn og framkvæmd verkefnafrárhagsáætlanna	Sveitarstjórn				
5	Skipulag í búabyggð	Aukin atvinnutækifæri og leiri til búsetu	Sveitarstjórn				
6	Uppbygging og annleiðing í Strandabyggð	Aukin lífsgæði, aukin atvinnutækifæri	Sveitarstjórn				
7	Gatnagerð	Aðlaðandi umhverfi, sjálfsögð mannréttindi, minni vatnseyðsla	Sveitarstjórn				
8	Stækka Flosaból	Aukin lífsgæði, heilsuefling	Sveitarstjórn				

Til að útskýra frekar þessar áherslur Strandabyggðar er ekki úr vegi að skoða eftirfarandi:

1. Það er mikilvægt að efla vitund landsmanna um kosti þess að búa og starfa í Strandabyggð. Farið verður af stað með markvissa markaðssetningu á Strandabyggð í fjölmiðlum á landsvísu og í svæðisbundnum miðlum. Sérstök áhersla verður lögð á jákvæðan fréttáflutning af svæðinu.
2. Til að svara kalli íbúa um hitaveitu og til að mæta kröfum um aukin lífsgæði og lækkun hitunarkostnaðar, hefur sveitarstjórn Strandabyggðar ákveðið að ganga til formlegs samstarfs við landeigendur í Hveravík um nýtingu þess heita vatns sem þar er og að leiða það til Hólmavíkur. Undirbúningsvinna hefur þegar skilað góðum upplýsingum sem gefa vonir um að uppbygging geti hafist strax árið 2018.
3. Ljóst er að víða eru vandamál í umhverfismálum í Strandabyggð. Gerð verður umhverfisstefna, líkt og unnin hefur verið formleg skólastefna í sveitarfélaginu, þar sem fram koma úrræði og lausnir sem miða að því að gera Strandabyggð að umhverfisvænu sveitarfélagi. Umhverfisstefnan skal taka sérstaklega á verkefnum á Skeiðinu, á Tanganum sem og á öðrum, opnum svæðum. Lögð verður áhersla á það af hálfu sveitarfélagsins að ganga á undan með góðu fordæmi og taka til á lóðum og í landi sveitarfélagsins. Endanlegur árangur

- næst hins vegar ekki nema með samvinnu allra sem að málinu koma, og því vonast sveitarstjórn Strandabyggðar til þess að sátt og samstaða náist um umhverfisstefnuna og þær aðgerðir sem hún leggur til.
4. Sem liður í bættu skipulagi og aukinni verkstjórn, verður farið í að kanna með hvaða hætti verkstjórn innan þjónustueininga sveitarfélagsins verður bætt. Eins verður reynt að auka og einfalda aðgang almennings að upplýsingum um stöðu verkefna á hverjum tíma, sem og tímasetningar þeirra.
 5. Strandabyggð vill vaxa og laða til sín nýja íbúa. Nýjum atvinnutækifærum eins og t.d. uppbygging í ferðaþjónustu og haftengdri ferðaþjónustu, fylgir einnig starfsfólk sem þarf húsnæði. Sérstök áhersla verður lögð á að skipuleggja nýtt íbúðarhverfi í Brandskjólum.
 6. Innleiðing ljósleiðara er stórt verkefni á landsvísu og sér brátt fyrir endann á því. Unnið er að því að ljúka lagningu ljósleiðara og verður hann síðan tengdur í hús í Strandabyggð, eða boðið upp á sambærileg skilyrði ef ljósleiðara nýtur ekki við. Þessi aðgerð mun auka lífsgæði og öryggi í samskiptum í Strandabyggð og skapa ný atvinnutækifæri sem byggja á góðri og öflugri nettengingu.
 7. Það er ljóst að hér þarf að takmarka umfangið, þar sem uppbygging hitaveitu mun einkenna öll verkefni næstu ára. Engu að síður er gert ráð fyrir viðgerð á einstaka götum á árinu 2017.
 8. Strandabyggð leggur áherslu á lýðheilsu og heilsueflandi sveitarfélag. Flosaból verður stækkað og mun rúma eftir þá stækkun 10-15 manns á hverjum tíma í tækjasal. Þessi aðgerð er fjölskylduvæn og mun laða að einstaklinga sem leggja áherslu á heilsusamlegt lífni.

Aðgerðir af þessu tagi eru ávallt undir smásjá og verða teknar til endurskoðunar reglulega. Gert er ráð fyrir að í lok 2018 fari fram ítarlegt mat á árangri og verða þessar aðgerðir endurmetnar í því ljósi.

Það er engu að síður ljóst, að sveitarstjórn Strandabyggðar tekur alvarlega þær ábendingar og þann fróðleik sem nú liggur fyrir frá íbúum, starfsmönnum sveitarfélagsins, nemendum grunnskólans o.s.frv.

Einhverjum kann að þykja að sumar aðgerðirnar gangi of stutt og aðrar jafnvel of langt. Það er eðli og einkenni lýðræðis, að fólk er ekki alltaf sammála. Flestir geta þó verið sammála um að á næstu árum mun Strandabyggð eflast og styrkja þær stöðir sem hingað til hafa laðað að einstaklinga og fyrirtæki. Sú sýn og þær aðgerðir sem hér eru settar fram, undirstrika þetta.

8. Samantekt, lokaorð

Mikil vinna er að baki og á borðinu liggur mikið magn af upplýsingum. Þessar upplýsingar eru grunnurinn að þeirri framtíðarsýn, þeim markmiðum og aðgerðum sem sveitarstjórn Strandabyggðar leggur fram í þessari skýrslu. Það skipti miklu máli að íbúar kynni sér inntak þessarar vinnu og móti sér skoðun á afurðinni. Með því öðlast fleiri réttar forsendur til að rökræða á uppbyggilegan hátt um framtíð Strandabyggðar.

Í kjölfar vinnu við fjárhagsáætlun næsta árs, munu þessar áherslur og þau verkefni sem hér eru skilgreind, fá sinn stað í ferlinu og vonandi flest þeirra verða á endanum sett í gang sem aðgerðir til úrbóta og eflingar sveitarfélagsins.

Íbúar þurfa að sýna skilning á því að þessi vinna tekur tíma. Á sama tíma þarf sveitarstjórn að efla upplýsingamiðlun um framgang einstakra verkefna, þannig að allir sjái hvert stefnir. Þögn er ekki ásættanleg staða fyrir neinn. Hér gildir að sýna skilning, umburðarlyndi og stuðning á báða bóga. Þannig verður gott samfélag betra.

8.1 Næstu skref

Innleiðing er það skref í allri stefnumótunarvinnu sem hvað oftast fer úrskeiðis. Þannig fer oft mikil vinna til spillis. Það er því mjög mikilvægt að ábyrgðin á innleiðingu þeirra verkefna og breytinga sem sveitarstjórn ákveður að fara í sem afleiðing þessarar stefnumótunarvinnu, sé skýr. Einhver þarf að fá það verkefni að halda utan um tímaramma verkefna, halda samráðsfundi og sjá til þess að upplýsingar um stöðu verkefna flæði milli réttra aðila innan og utan sveitarfélagsins. Það þarf því öflugan verkefnastjóra til að halda utan um jafn mikilvægt mál og innleiðing stefnumótandi aðgerða er. Það er á ábyrgð sveitarstjórnar að skipa þann verkefnastjóra og það þarf að gerast sem fyrst, þannig að hægt sé að hefja skipulagningu innleiðingar.

Það má því sjá fyrir sér eftirfarandi næstu skref:

1. Kynning og samþykkt á skýrslu innan sveitarstjórnar
2. Kynning á helstu niðurstöðum fyrir íbúum – á íbúafundi
3. Skipan verkefnastjóra
4. Mótun verkstjórnunar teymis
5. Skipulagningu aðgerða og tenging við vinnu við fjárhagsáætlanagerð
6. Innleiðing aðgerða
7. Eftirfylgni, eftirlit, upplýsingamiðlum
8. Árangursmat.

Með þessum aðgerðum má tryggja að innleiðingin fari í fastar skorður, sem eykur líkur á árangri.